

Hvalfjarðarsveit  
Laufey Jóhannsdóttir,  
sveitarstjóri  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. nóvember 2012

Tilvísun: UST20121000035/bs

### Brennimelsína 1. - Breyting á aðalskipulagi. Umsögn

Vísað er til bréfs Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefndar Hvalfjarðarsveitar dags. 4. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

Í umræddri breytingu felst að við spennuhækken línunnar í 400 kV kemur til álita að breyta legu línunnar. Þrír kostir koma til álita: 1. Núverandi línustæði frá Þyrilsnesi að Ferstikluhálsi. 2. Álftaskarðsleið þar sem vikið er frá núverandi línu nærri Miðsandsá þaðan gróflega um Álftaskarð vestur að Sultartangalínu 3 sunnan við gil Kúhallarár. Sultartangalínu er síðan fylgt að Ferstikluhálsi. 3. Litlasandsleið víkur frá núverandi línu austan við efniþokusvæði í landi Þyrils austan við efstu drög Miðsandsdals.

Umhverfisstofnun telur að ef Álftaskarðsleið eða Litlasandsleið verður valin mun nýtt land verða tekið undir línustæði. Slíkt mun kalla á lagningu nýrra línulóða. Stofnunin telur að leggja eigi áherslu á að nýta núverandi línuleið ef þess er nokkur kostur, til að lágmarka umhverfisáhrif sem nýtt línustæði hefði í för með sér.

Virkjungarfyllst  
  
Ólafur A. Jónsson  
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson